

Tollkvótar vegna innflutnings á smjöri og ostum.

Vegna ábendinga sem ráðuneytinu hafa borist og með vísan til 65. gr. og 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og með vísan til reglugerðar, dags. 25. júní 2009, er hér með auglýst eftir umsóknum um tollkvóta fyrir innflutning á smjöri og ostum, **fyrir tímabilið 1. júlí 2009 til 30. júní 2010:**

Tollskrárnúmer	Vara	Tímabil	Vörumagn kg.	Verðtollur %
a)				
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.09 - 30.06.10	53.000	215,7
b)	Ostur og ystingur:		119.000	
0406.1009	Annað (nýr ostur, mysuostur o.fl.)	01.07.09 - 30.06.10		182,4
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.09 - 30.06.10		182,4
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.09 - 30.06.10		185,9
0406.4000	Gráðostur	01.07.09 - 30.06.10		193,3
0406.9000	Annar ostur	01.07.09 - 30.06.10		185,0

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vegna viðkomandi vöruliðar. Tilboð skulu ráða úthlutun. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Skriflegar umsóknir skulu berast til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, að Skúlagötu 4, 150 Reykjavík, bréflaga eða á postur@slr.stjr.is, **fyrir kl. 15:00 fimmtudaginn 2. júlí n.k.** Upplýsingar eru á heimasíðu ráðuneytisins, www.stjr.is/slr.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 25. júní 2009.